

224

3. des.

S A M Þ Y K K T

um breyting á samþykkt nr. 75 29. ágúst 1931, um sýsluvegasjóð fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

1. Frá þjóðveginum í Smiðjukleifum í Þingmannadal um Fossá að Auðshaugi.
2. Frá Haukabergsá að Siglunesi á Barðaströnd.
3. Frá Gjögrum um Hænuvík, Hænuvíkurháls og Kollsvík að Breiðavík.
4. Frá þjóðveginum við Bjarngötudal um Máberg að Melanesi.
5. Frá þjóðveginum í Tálknafjarðarbotni að Suðureyri.
6. Frá þjóðveginum í Hvestu fram dalinn að Fremri-Hvestu.
7. Frá þjóðveginum við Bakka um Grænuhlíð og Feigsdal að Granda.
8. Frá þjóðveginum við Kolmúladal að Öskubrekku.
9. Frá þjóðveginum við Brautarholt í Selárdal að Uppsölum.
10. Frá Reykjafirði um Trostansfjörð, Sperðlahlíð, Langabotn og Krosseyri að Steinanesi.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, um sýsluvegasjóði, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 3. desember 1952.

Hermann Jónasson.

Brynjólfur Ingólfsson.

- 225 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Félagsheimilissjóð Starfsmanna-
3. des. félags Reykjavíkurbæjar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatunum af dómsmálaráðherra 3. des. 1952.

Skipulagsskráin er þannig:

S K I P U L A G S S K R Á

fyrir Félagsheimilissjóð Starfsmannafélags Reykjavíkurbæjar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Félagsheimilissjóður Starfsmannafélags Reykjavíkurbæjar.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Starfsmannafélags Reykjavíkurbæjar, og fer stjórn félagsins með stjórn hans.

Sjóðnum skal varið til að koma upp félagsheimili fyrir Starfsmannafélag Reykjavíkurbæjar með því að kaupa eða byggja hús í þessu skyni og standa undir rekstri þess.

3. gr.

225

Stofnfé sjóðsins, sem stofnaður er um áramótin 1951—1952, er kr. 18882.75, sem er ágóði af happdrætti, er Starfsmannafélag Reykjavíkurbæjar efndi til í nóvembermánuði 1951. 3. des.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Kr. 10.00 af árstíllagi hvers félagsmanns Starfsmannafélag Reykjavíkurbæjar.
2. Allur ágóði af skemmtunum félagsins.
3. Vextir og annað fé, sem sjóðnum kann að áskotnast.

Framlag það, sem um ræðir í 1. lið, skal greitt sjóðnum eigi síðar en 15. des. ár hvert.

5. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Landsbanka Íslands eða með öðrum hætti, sem stjórnin er sammála um að telja jafn tryggilegan.

Til þess að taka út fé sjóðsins þarf undirskrift formanns og gjaldkera.

6. gr.

Til að ráðstafa fé sjóðsins þarf samþykkt almenns félagsfundar, sbr. 12. gr. félagslaga og skal þess getið í fundarboði.

7. gr.

Sjóðurinn hefur sérstakt reikningshald, og undanþeginn er hann öllum fjárskuldbindingum félagsins, sbr. þó 2. mgr. 2. gr.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

9. gr.

Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af endurskoðendum félagsins og lagður fram til samþykktar á aðalfundi félagsins.

10. gr.

Um breytingar á skipulagsskrá þessari fer með sama hætti og breytingar á lögum félagsins.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

226

um breyting á reglugerð nr. 273 30. des. 1950, varðandi gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja. 5. des.

39. gr. e-liður reglugerðarinnar hljóði svo:

Benzedrin, Mecodrin og önnur skyld efni og álíka hættuleg efni (t. d. Pervitin, Eufodrin o. s. frv.) og sölt þeirra, og er óheimilt að láta úti í einu meira en 150 mg handa einstaklingi. Nær þetta einnig til amfetamínlyfja og annarra skyldra efna, sem ætluð eru til að sjúga í nefið eða til annarra áþekkra nota.